



HönnunarMars DesignMarch 18.–21.03 2010



Efnisyfirlit

1. Almenn um HönnunarMars	3
Tímalína	5
2. Undirbúningur HönnunarMars	7
3. Kostun & fjármögnun	8
4. Dagskrá hátíðarinnar	9
Dagatal - mynd	
5. Verkefni Hönnunarmiðstöðvar	10
Dagatal - mynd	
6. Markaðssetning & fjölmiðlaumfjöllun	11
Kynningarefni	15
7. Erlendir gestir	16
8. DesignMatch	18
9. Lokaorð	22



Efnisyfirlit

1. Undirbúningur
 - a. Verkefnisstjórar
 - b. Samstarfsaðilar | söfn gallerí
 - c. Lykilhönnuðir
 - d. Listaháskólinn, háskólar og aðrir skólar (Hvanneyri | Myndlistakólinn í Reykjavík | Akureyri)
 - e. Hönnunarsafn
 - f. Húsgagnaframleiðendur
 - g. RFF
 - h. Forsetaembættið
 - i. Aðkoma Dorritar
 - ii. Gestalisti
 - i. Reykjavíkurborg
 - i. Framkvæmdasvið
 - ii. Borgarstjóri
 - iii. Miðborgin okkar
2. Kostun og fjármögnun
 - a. Reykjavíkurborg
 - b. Ráðuneytin
 - c. Stofnanir
 - i. SI
 - ii. Nýsköpunarmiðstöð
 - iii. Íslandsstofa
 - iv. Ferðamálastofa
 - d. Hönnunarsjóður Aurore
 - e. Fyrirtæki
 - i. Morgunblaðið
 - ii. Icelandair
 - iii. Oddi
 - iv. 66 | Lumex | Össur | Marel |
 - f. Nýr sponzor sem kemur með fé
3. Dagskrá hátíðarinnar
 - a. Félögin
 - b. Lykilhönnuðir
 - c. Aðrir – stofnanir og fyrirtæki
 - d. Fyrirlestrar
 - e. Samskipti við þá sem taka þátt í dagskránni
 - i. Fundir með ólíkum hópum
 - ii. Mynd af þessu
 - iii. Ath þátttakendur 2010
 - f. Mynd af föstum liðum
4. Verkefni Hönnunarmiðstöðvar
 - a. Opnunarpartí á fimmtudeginum
 - i. Framkvæmd og skipulag
 - ii. Gestalisti
 - iii. Samstarfsaðili
 - b. Veisla fyrir blaðamenn, stjórn og hönnuði á laugardagskvöldi
 - i. Framkvæmd og skipulag
 - ii. Gestalisti
 - iii. Samstarfsaðili
 - c. Boð á Bessastaði
 - i. Gestalisti
5. Kynningarmál
 - a. PR vinna
 - b. Grafísk hönnun
 - i. Tímarammi mynd
 - ii. Save the date fyrir 1. október
 - iii. Flyer á ensku fyrir Stokkhólm
 - iv. Preliminary program 1. desember
 - v. Bæklingur
 - vi. Plaköt
 - vii. Flyerar
 - viii. Fánar
 - ix. Götugluggar
 - x. Ljósastaurar
 - xi. Sýnileiki í miðborg
 - xii. Vefborðar
 - xiii. Auglýsingar dbl.
 - xiv. Boðskort
 - xv. Merkispjöld
 - c. Dreifing
 - d. Vefurinn
 - i. Almenn kynning á Íslandi og erlendis
 - ii. Samskiptavefur fyrir þátttakendur
 - e. Samstarfsaðilar í kynningu
 - i. Reykjavíkurborg og ferðamálayfirvöld
 1. Vera inni í öllum dagskrám á vefjum og prentuðum
 - ii. Hús og híbýli
 - iii. Grapevine
 - iv. Icelandair
 - v. Aðrir miðlar
 - f. Textavinna – íslensk og ensk
6. Erlendir blaðamenn
 - a. Strategía finna samstarfsaðila sem hjálpar okkur með þetta
 - b. Þjóða með betri fyrirvara
 - c. Dagskrá blaðamanna
 - i. Hönnuðir sem hosts
7. DesignMatch
 - a. Samstarfsaðili Norræna húsið
 - b. Áherslur



Almennt um HönnunarMars

18. - 21. mars 2010 stóð Hönnunarmiðstöð öðru sinni fyrir HönnunarMars sem er langstærsta kynningarverkefni Hönnunarmiðstöðvar. HönnunarMars verður næst haldin **24.-27. mars 2011**.

Markmið Hönnunarmiðstöðvar með HönnunarMars er að kynna íslenska hönnun hérlendis sem erlendis, og á mismunandi sviðum samfélagsins. Markhópurinn er almenningur á Íslandi, fyrirtæki, fjölmiðlar hérlendis og erlendis, opinberir aðilar, hönnunarsamfélagið og ferðafólk.

Áherslan er að á HönnunarMars sé íslensk hönnun eins víða og eins áberandi og mögulegt er. HönnunarMarsinn er hátíð í Reykjavík og nágrenni þar sem almenningur á greiðan aðgang að íslenskri hönnun, fjölmiðlar finna áhugavert efni, hagsmunaaðilar sjá ástæðu til að kynna sér málið nánar og hönnuðir að svara forvitni og fræðast.

HönnunarMars er byggður þannig upp að viðburðir og sýningar eru víðs vegar um borgina, en ekki valin staðsetning fyrir eina stóra sýningu. Dagskráin er unnin af félögum nú sem eiga Hönnunarmiðstöð og hönnuðum er beint inn í farveg félaganna. Hönnunarmiðstöð fær söfn, gallerí og stærri aðila eins og LHÍ til samstarfs. Einnig eru einstakir hönnuðir hvattir til þátttöku í HönnunarMars. Hönnunarmiðstöð heldur utan um viðburðina og gefur út dagskrá og sér um kynningarmál.

Stjórnun HönnunarMars

Stjórn

Skipa þarf 3 manna stjórn HönnunarMars á aðalfundi Hönnunarmiðstöðvar í júní. Stjórnin skipuleggur vinnu sína og skiptir með sér störfum.

1. Fulltrúi úr stjórn Hönnunarmiðstöðvar
2. Fulltrúi hönnunarsamfélagsins
3. Framkvæmdastjóri Hönnunarmiðstöðvar

Hlutverk stjórnar HönnunarMars:

Leggur meginlínur um áherslur á HönnunarMars

Ræður verkefnisstjóra

Er framkvæmdarstjóra og verkefnisstjóra til aðstoðar við framkvæmd verksins

Gætir þess að gæði og fagmannleg vinnubrögð séu höfð að leiðarljósi

Hefur ákvörðunarvald varðandi listræna stefnu HönnunarMarsins

Verkefnisstjóri

Stjórn ræður verkefnisstjóra ekki síðar en 1. september. Huga þarf að því að verkefnisstjóri vinni í hlutastarfi að hausti. Mögulega í 25% starfi sept-des og svo í fullu starfi eftir það.

Hlutverk:

Verkefnastjóri hefur umsjón með og ber ábyrgð á skipulagningu og framkvæmd HönnunarMars í samstarfi við framkvæmdarstjóra Hönnunarmiðstöðvar og stjórn HönnunarMars. Sjá nánar í skriflegum samningi við verkefnisstjóra.

Aðrir starfsmenn

Nauðsynlegt er að hafa starfsmenn tímabundið í eftirtalin verkefni:

1. Textagerð, íslensk og ensk fyrir kynningar - bækling vef og fréttatilk. – u.þ.b. 2 mánuði (jan-mars)
2. Skipulagning komu erlendra gesta – u.þ.b. 1 mánuður (jan-mars)
3. DesignMatch – í u.þ.b. 3 vikur (feb-mars)



4. Vinna við vefsíðu – 2 vikur (mars)
5. PR – 2-3 vikur (mars)
6. Aðstoðarfólk og sjálfboðaliða síðust 2-3 vikurnar (mars)

Verkefnisstjórar félaganna

Mælt er með því að félögin níu setji HönnunarMarsinn inn á ársskipulagið hjá sér og hugi að verkefninu tímanlega. Hvert félag þarf að vera með verkefnisstjóra sem gera þarf ráð fyrir að starfi í amk. 1 mánuð og fái greitt fyrir vinnu sína.

Fagráð

Hugmyndir eru uppi um að hafa 5-8 manna fagráð sem vinnur með þeim sem stýra HönnunarMars hverju sinni. Fagfólk sem getur miðlað reynslu, þekkingu og tengslum til þeirra sem halda utan um verkefnið. Fagráðið væri skipað af stjórn HönnunarMarsins.

Stjórnun HönnunarMars 2010

Stjórn 2010

Sigríður Sigurjónsdóttir, prófessor LHÍ
Hallgrímur Friðgeirsson, varaformaður Hönnunarmiðstöðvar og formaður félags innanhússarkitekta
Halla Helgadóttir, framkvæmdastjóri Hönnunarmiðstöðvar

Verkefnisstjóri 2010

Greipur Gíslason

Aðrir starfsmenn 2010

1. Textagerð: *Ásta Andrésdóttir*
2. Skipulagning komu erlendra gesta: *Soffía Tryggvadóttir*
3. DesignMatch: *Edda Sigurjónsdóttir*
4. Vinna við vefsíðu: *Kristín Gunnarsdóttir*
5. PR: *Björg Magnúsdóttir*
6. Aðstoðarfólk og sjálfboðaliðar: 6 sjálfboðaliðar frá SEEDS samtökunum

Verkefnisstjórar félaganna

AÍ	Laufey Agnarsdóttir	843.0273	laufey@gmail.com
TEX	Björg Pjetursdóttir	694.2827	bjorg.pje@gmail.com
FHÍ	Dóra Hansen	696.3374	dorah@centrum.is
Leir	Ólöf Jakobína Ernudóttir	899.6189	olofjakobina@gmail.com
FÍLA	Þórhildur Þórhallsdóttir	661.5208	thorhildur@landmotun.is
FÍG	Guðbjörg Ingvarsdóttir	821.2770	aurum@aurum.is
FÍT	Ragnar Freyr Pálsson	868.7751	r@agnarfreyr.com
Vöruh.	Rakel Garðarsdóttir	860.7062	rakel@vesturport.com
Fatah.	Valgerður Helga Schopka	661.81861	valaschopka@internet.is



Tímalína

- Mars** – frágangur: skýrsluvinna, þakkarbréf til styrktaraðila, eftirfylgni við erlenda gesti og samstarfsaðila
– dagsetning næsta HönnunarMars ákveðin og kynnt
- Apríl** – dagsetning send á samstafsaðila: Ferðamálastofu, Höfuðborgarstofa, flugfélög, sendiráð
- Mái** – fundir með félögunum og söfnum - fara yfir síðasta HönnunarMars og undirbúa næsta
- Júní** – skipa stjórn HönnunarMars
– bóka skilti hjá Höfuðborgarstofu
– gera áætlun um styrkjamál
– huga að erlendum fyrirlesurum – ráðgjöf frá hönnuðum
– skoða erlendar sýningar
- Júlí** –
- Ágúst** – stjórn HönnunarMars kemur saman
– ráða verkefnastjóra
– tryggja að ferðapjónusta og samstarfsaðilar séu með á nótunum.
– bóka mikilvæg sýninga- og viðburðahúsnæði
- September** – tryggja mikilvæga gesti (forseti, ráðherrar, borgarstjóri)
– save the date bréf sent út á Íslandi og erlendis (m.a. mikilvæga gesti og blaðamenn)
– koma dagsetningum á framfæri í atburðadagatöl
– virkja aðildarfélög og félagsmenn
- Október** – bjóða erlendum fyrirlesurum
– almennt kynningarefni á ensku tilbúið fyrir vefinn
– kanna áhuga erlendra sendiráða á samstarfi
- Nóvember** – hugmyndir frá aðildarfélögum koma inn
– kanna útgáfudagsetningar tímarita – tryggja pláss
– kynna verkefnið fyrir tímaritum og tryggja umfjöllun
- Desember** – fjáröflun og samstarfssamningar klárir
– preliminary program tilbúið
- Janúar** – bjóða erlendum blaðamönnum
– flug og hótél fyrir erlenda gesti
– gera kynningaráætlun og ráða kynningarfulltrúa
– DesignMatch undirbúningur
- Febrúar** – unnið samkvæmt áætlun
- Mars** – unnið samkvæmt áætlun



Undirbúningur HönnunarMars – Greipur

Undirbúningur Dreifing

Undirbúningur stórs árlegs verkefnis eins og HönnunarMars tekur langan tíma. Það er nauðsynlegt, til að halda áframhaldi hans að verkefni honum tengdum falli aldrei út af borðinu. Dagskrá hátíðarinnar undanfarin tvö skipti hefur að langmstur leiti leigið á aðilum utan Hönnunarmiðstöðvarinnar sjálfra, það er félögum, einstaklingum og stofnunum. Virkjun þeirra í tíma er því mjög mikilvæg.

a. Verkefnisstjórar

Þar sem það eru aðildarfélag Hönnunarmiðstöðvarinnar sem bera hitann og þungann af dagskránni er mikilvægt að vinna þeirra hefjist snemma. Í ár var brugðið á það ráð að hvert félag skipaði verkefnastjóra sem sá um þátttöku félagsins og félagsmanna í HönnunarMars. Það er mál manna að það sé gott fyrirkomulag en félögin þurfa, hvert fyrir sig að skipuleggja það starf vel og hlutverk verkefnastjórans. Eins er ljóst að sökum mikillar vinnu sem lendir á verkefnisstjóranum er mikilvægt að hann fái greitt með einhverju hætti fyrri vinnu sína. Verkefnastjóranir þurfa ekki að koma úr röðum félagsmanna, endilega, heldur vera skipulagðir og vanir svona verkefnavinnu.

Verkefnastjórar þurfa að hittast reglulega og deila hver með öðrum því sem fram fer innan hvers félags. Með því skapast þekking á dagskránni í heild ásamt því að verkefnastjóri HönnunarMarsins kemur skilaboðum á framfæri á þannig fundum. Fundirnir eru auðvitað misítarlegir en geta ekki verið sjaldnar en 2 í mánuði.

Samstarfsaðilar – (söfn, galleri)

Tyggja þarf samstarf lykilstofnana í Reykjavík og nágrenni í tíma. Margar þessara stofnana skipuleggja starf sitt með miklum fyrirvara. Þarna er helst átt við söfn og gallerý. Það er því mikilvægt að vegkja máls á samstarfi strax að vori, tæpu ári fyrir HönnunarMars. Mikill velvilji er innan safnanna um samstarf, það þarf bara að virkja hann. Það mætti hugsa sér að söfnin settu upp metnaðarfullar hönnunarsýningar, hugsanlega í samstarfi við erlenda hönnuði.

Hér má líka nefna fleiri samstarfsaðila, svo sem Þjóðminjasafnið og Norræna húsið. (Sjá tímalínu – maí)

Lykilhönnuðir

Til þess að HönnunarMars hljóti það vægi sem hann þarf, bæði til að vaxa og dafna, en líka til að vekja athygli út fyrir landssteinana þarf að sjá til þess að íslenskir lykilhönnuðir taki þátt í dagskránni. Þetta er gert með því að boða þá til skrafs og ráðagerða í tíma. Helst snemma að hausti. Það sýnir sig að erlendir gestir hafa mikinn áhuga á verkefninu í heild en mestu athyglina fá auðvitað okkar fremstu hönnuðir ásamt þeim sem nýlega hafa slegið í gegn. Fyrir þarf að liggja í byrjun árs, hverir þeirra ætla að vera með og hvað þeir ætla að gera. Þetta skiptir máli í sambandi við fyrstu dagskrárdrög sem send eru út. (Sjá tímalínu – okt/nóv)

Listaháskólinn og aðrir skólar (Hvanneyri | Myndlistakólinn í Reykjavík | Akureyri)

Þegar talað er um samstarfsstofnanir má ekki gleyma þeim menntastofnunum sem sýsla með hönnun. Þar er Listaháskóli Íslands fremstur meðal jafningja. Hægt er að hugsa sér margskonar fleti á samstarfi við LHÍ. Til dæmis komu erlendra fyrirlesara. Það er mikilvægt að svo öflug menntastofnun taki virkari þátt í verkefninu, en ekki bara með því að gefa nemendum sýnum tækifæri á að sýna. Hér má svo líka nefna myndlistaskólana í Reykjavík og Akureyri sem báðir bjóða upp á hönnunarnám á háskólastigi og Landbúnaðarháskóla Íslands.



Hönnunarsafnið

Með tilkomu Hönnunarsafns Íslands skapast grundvöllur á viðamiklu samstarfi í HönnunarMars. Það er borðleggjandi að Hönnunarsafnið opni stóra sýningu ár hvert í HönnunarMars og taki þátt í því fræðslustarfi sem fram gæti farið í dagskrá hátíðarinnar. Engin reynsla er komin á slíkt samstarf en um leið og talað er við önnur söfn þarf að tala við Hönnunarsafnið. (Sjá tímalínu – maí)

Húsgagnaframleiðendur

Það hefur sýnt sig að flestir þeirra sem stunda húsgagnaframleiðslu á Íslandi hafa áhuga á að nýta sér HönnunarMars. Það hefur síðustu tvö skipti aðeins fallið milli skips og bryggju að ræða við þessa aðila í tíma. Sé það hins vegar gert mætti sjá fyrir sér aukið vægi framleiðendanna í HönnunarMars. Þá mætti hugsa sér að fleiri framleiðendur tækju þátt, svo sem fataframleiðendur og smiðjur hverskonar. Þetta gæti líka orðið tekjulind fyrir HönnunarMars en tilraun var gerð með það í ár að selja þessum aðilum pláss í dagskrárþækkningu hátíðarinnar. Þær tekjur borguðu nánast upp þann umframkostnað sem hlaut af prentun þækkingsins. (Sjá tímalínu – Október)

RFF

Stór hópur fatahönnuða tók sig saman og stóð að Reykjavík Fashion Festival á sama tíma og HönnunarMars var haldinn í ár. Um leið og það spurðist út var ákveðið að fá þá til samstarfs og virkja þann kraft sem þar bjó. Úr varð að RFF var haldið um sömu helgi og Hmars. Ætla má að þetta hafi gefið báðum hátíðinum aukið vægi. Standi til að halda RFF aftur þarf að fylgjast með frá upphafi og helst reyna að fá að taka frekari þátt í því verkefni.

Forsetaembættið

Aðkoma Dorritar

Forsetafrú Íslendinga er verndari Hönnunarmiðstöðvar Íslands. Hún hefur þó ekki getað tekið þátt í HönnunarMarsinum þau skipti sem hann hefur verið haldinn. Dagskrá forsetafrúarinnar og forsetans er skipulögð langt fram í tímann. Nú er mikilvægt að Hönnunarmiðstöðin reyni að skerpa hlutverk verndara síns og með því tryggja henni hlutverk í HönnunarMars. Forsetaembættið hefur verið hátíðinni hliðholt og efnt til móttöku í tilefni HönnunarMars og komu erlendra gesta í lok hátíðarinnar. Verði úr að föstudagurinn í dagskránni verði einskonar Íslandsdagur væri ekki vitlaust að enda hann á Bessastöðum síðdegis. (Sjá tímalínu)

Gestalisti

Sá velvilji sem forsetaembættið sýnir HönnunarMars er mikils metinn. Það að geta boðið fólki sem tengist hátíðinni, velunnurum og hönnuðum ásamt erlendum gestum til Bessastaða er mjög mikilvægt. Gestalisti sem þessi þarf því að vera vel yfirfrainn og unnin í tíma, og jafnóðum og verkefnið er skipulagt.

Reykjavíkurborg

Reykjavíkurborg er eðli málsins samkvæmt stærsti samstarfsaðili HönnunarMars. Hátíðin fer þar fram og undanfarið hefur borgin styrkt hátíðina. Á undanförunum tveimur árum hefur HönnunarMars stimplað sig rækilega inn sem hressandi vorhátíð í Reykjavík og því starfi þarf að halda áfram.

Framkvæmdasvið

Reykjavíkurborg er mjög stór vinnustaður og þó svo að Ráðhúsið og menningarsvið borgarinnar séu HönnunarMars hliðholt er ekki þar með sagt að greiður aðgangur sé að þeim þjónustudeildum borgarinnar sem þarf. Gott samstarf við Framkvæmdasvið skipir mikilu máli. Það þarf því að vinna í að fá Menningar- og ferðamálasvið til að tengja framkvæmd HönnunarMars betur við Framkvæmdasviðið og þarf sem sýna að það sé velvilji innan borgarinnar í garð verkefnissins.



Eins er mikilvægt að öll þau erindi sem þurfa að berast Framkvæmdasviði borgarinnar hafi meðmæli annarsstaðar úr borgarkerfinu og að þau berist tímanlega.

Borgarstjóri

Borgarstjórinn í Reykjavík þarf að vera vel upplýstur um gang mála og tímanlega þarf að senda skrifstofu hans þær dagsetningar og tímasetningar í dagskrá HönnunarMars þar sem nærveru hans sé óskað. Þetta má gerast strax í nóvember, liggi þær fyrir. (Sjá tímalínu)

Miðborgin okkar

Í ár var dagskrá HönnunarMars kynnt stjórn Miðborgarinnar okkar á fundi hennar. Þar sem miðborgin er brennipunktur dagskrár hátíðarinnar er mikilvægt að halda hagsmunaaðilum í miðborginni vel upplýstum um gang mála. Þetta á alls ekki bara við um þá aðila sem selja íslenska hönnun heldur veitingastaði og aðra sem vilja vita af því ef eitthvað stendur til. (Sjá tímalínu)

Sameiginlegur opnunartími, hugsanlega óvenju mikill, er áhrifaríkt tæki til að ná til almennings. Það þarf því að reyna að sannfæra hagsmunaaðila í miðborginni til að taka þátt í því. Þetta getur verið gert tímanlega. Til dæmis fyrir jól eða strax í janúar. (Sjá tímalínu)



Kostun og fjármögnun

Hönnunarmiðstöð hefur ekki úr verkefnafé að spila. Allt fé miðstöðvarinnar (18.5m) fer í laun, ekstur og fasta starfsemi. Það þarf því að fjármagna Hönnunars Marsinn á annan hátt. Ágætlega gekk að fá samstarfsaðila til liðs við hátíðina og ljóst að fyrsti Hönnunars Marsinn náði að greiða þá leið verulega. Þó þarf að stykja fjárhagsstöðu verkefninsins mikið. Leggja þarf áherslu á að finna amk. einn sterkan samstarfsaðila sem getur komið með fjármagn inn í hátíðina og ganga tímanlega frá samningum við styrktar og samstarfsaðila.

Heildarfjármagn Hönnunars Mars 2010 var um 11.600.000 þar er reiknað með launakostnaði og samstarfssamningar eru metnir til fjár sem ekki var gert 2009. Halli er á verkefninu og Hönnunarmiðstöð mun leggja 1.8 m til verkefnisins í peningum.

Mikilvægt er að fá Reykjavíkurborg til að styrkja verkefnið enn frekar.

Aðalsamstarfsaðilar 2010

Reykjavíkurborg

Fyrirtæki

Morgunblaðið

Icelandai

Oddi

Aðrir samstarfsaðilar 2010

Stofnanir

SI

Útflutningsráð

Ferðamálastofa

Hönnunarsjóður Auroru

66 north

Mögulegir samstarfsaðilar

Stofnanir

Íslandsstofa

Nýsköpunarmiðstöð

Iðnaðarráðuneyti

Mennta- og menningarmálarn

Utánríksiráðuneyti

Fjárhagur Hönnunars Mars 2010

Kostnaður	
Launakostnaður	3.497.540
Hönnun	1.060.000
Ljósmyndun	150.000
Prentun	1.728.369
Birtingar	2.225.000
Deiling	128.000
Flugmiðar	1.438.000
Hótel	207.500
DesignMatch	500.000
Húsaleiga	100.000
Rekstur - sími, póstur, öfl.	170.000
Akstur	168.000
Annað	535.000
Kostnaður samtals	11.907.409

Tekjur	
Samstarfssamningar	4.330.000
Aðrir samstarfssamningar	880.000
Aðrar tekjur	250.000
Styrkir	3.100.000
Framlag Hönnunarmiðstöðvar	3.347.409
Tekjur samtals	11.907.409



Dagskrá hátíðarinnar

Dagskrá HönnunarMars þarf að vera fjölbreytt, óvænt og skemmtilegt. Hún þarf að samanstanda af sýningum, opnum húsum, fyrirlestrum, innsetningum, skoðunarferðum og fleiru.

Til að hægt sé að vanda til hennar og ekki síður vanda til kynningar á henni, þarf hún að vera fullgerð með meiri fyrirvara en verið hefur undanfarin ár.

Drög að dagskrá (ens: preliminary program) þurfa að vera tilbúin ekki síðar en í upphafi árs. Þar ætti að vera að finna helstu viðburði Hönnunarmiðstöðvar, lykilviðburði aðildarfélaganna, viðburði samstarfsstofnana: safna og gallería, lykilhönnuða og fleiri sem bjóða upp á stóra spennandi viðburði. Þessum drögum er hægt að dreifa á sendiráð, fjölmiðla, ferðaþjónustu og fleiri.

Félögin

Aðildarfélög HönnunarMars þurfa að bera hitann og þungann af dagskrá HönnunarMarsins. Þetta er tvíþætt. Fyrst er æskilegt að félögin standi að einhverju sameiginlega. Hér er átt við samsýningar eða eitthvað í þá veru. dæmi um vel heppnaða þannig samvinnu er þátttaka vöruhönnuða á HönnunarMarsi 2009 og svo Félagið, verkefni arkitektafélaganna þriggja í ár. Vert er að endurtaka það sem vel tekst til en mikilvægt að staðna sam ekki.

Þessi sameiginlega dagskrá félaganna er lykildagskrá hátíðarinnar og þarf að liggja fyrir í ársbyrjun svo hægt sé að kynna það erlendis. (Sjá tímalínu – janúar)

Félögin þurfa líka að vera milliliðir einstakra hönnuða sem gera eitthvað sér,

Til að halda utan um þetta eru ráðnir eða skipaðir verkefnastjórar. (Sjá sérstaklega annarsstaðar í þessari handbók.

Lykilhönnuðir

Það er æskilegt að þegar dagskráin er kynnt fyrst í byjun árs séu þátttakendur úr hópi okkar færustu og þekktustu hönnuða þar á meðal. Hönnunarmiðstöðin þarf að sjá til þess að þessir hönnuðir taki þátt í dagskránni með virkum hætti eins og kemur fram í kaflanum um undirbúning.

Aðrir – stofnanir og fyrirtæki

Stofnanir, söfn og fyrirtæki eiga að vera virkir þátttakendur í HönnunarMars. Sýningar, samvinnuverkefni og þátttaka hönnuða í verkefnum á vegum þessara aðila á að vera sjálfsagður hlutur og sérstaklega í HönnunarMars.

Fyrirlestrar

Nokkuð hefur verið rætt um þennan þátt í dagskrá HönnunarMars. Ljóst er að leggjast þarf í töluverða vinnu til að gera fyrirlestra og fagdagskrá hátíðarinnar viðameiri og aðgengilegri. Stofna þarf sérstakan vinnuhóp lykilhönnuða og fleiri sem gæti mótað þennan hluta dagskrárinnar. Það ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að helstu dagskrárdög, fyrirlesarar að utan og fleira, væri tilbúið um miðjan október.

Samskipti við þá sem taka þátt í dagskránni

Vinna þarf nánar með þeim sem taka þátt í dagskránni og gera alla meiri hluta af heild. Í ár var tryggt að



Verkefnisstjórar félaganna væru upplýstir um gang mála í framkvæmd hátíðarinnar og gafst það vel. Þetta mætti útfæra enn betur og birta reglulega pistja á heimasíðu Hönnunarmiðstöðvar um gang mála. Eins mætti hugsa sér að stofna sérstakan póstlista um HönnunarMars þar sem fólk skráir sig sérstaklega og um leið samþykkir að fá oftar póst en ella.

Heimasíðan ætti að gegna lykilhlutverki í upplýsingamiðlun til þátttakenda. Þetta var reynt í ár með nokkuð góðum árangri. Því betri sem upplýsingarnar eru því meiri árangri náum við.

Fundir með ólíkum hópum

Verkefnistjóri HönnunarMars gæti verið duglegri að funda með ólíkum hópum og bera þannig út andrúmsloftið sem við viljum að fylgi verkefninu. Í stað þess að boða stóra upplýsingafundi sem fáir mæta á, mætti boða fleiri smærri fundi.

Mynd af þessu

Ath þátttakendur 2010

Nú er til listi yfir þátttakendur 2010. Rétt er að senda upplýsingar í haust á þennan lista og minna á HönnunarMars 2011.



Verkefni Hönnunarmiðstöðvar

Opnunarpartí á fimmtudeginum

Framkvæmd og skipulag

Helsta hlutverk opunarhátíðar HönnunarMars er markaðsfræðilegt. Að koma fólki saman til að opna hátíðina formlega og gera þar með fleira fólk að þátttakendum í hátíðinni. Best væri auðvitað að sleppa þessum hluta og gefa hinum ólíkum verkefnum og viðburðum tækifæri á að halda partý en verðmætið í að hafa tilefni til að senda boðskort sem víðast á fólk skiptir of mikilu máli. Það er því æskilegt að finna góðan farveg fyrir svona opunarhátíð. Mætti hugsa sér að hún færi fram í einhverju localinu þar sem mikið er um að vera, sbr. Félagið í ár?

Gestalisti

Gestalisti opunarhátíðarinnar er mjög mikilvægur og vel hægt að vinna hann í tíma. Starfsfólk Hönnunarmiðstöðvar er best til þess fallið enda má segja að opunarhátíð HönnunarMarsins sé langstærstur einstakra viðburða miðstöðvarinnar.

Samstarfsaðili

Svona veisla kostar peninga. Því er sniðugt að leita til fyrirtækja í íslenskrri hönnun sem gætu nýtt sér svona partý með einhverjum hætti í kynningarskyni og bjóða þeim samstarf. Í fyrra sem og í ár var það gert með góðum árangri; fyrst Cintamani og svo 66° norður.

Veisla fyrir blaðamenn, stjórn og hönnuði á laugardagskvöldi

Uppskera, óformlegt spjall og tengsl eru mikilvægir þættir í viðburði sem HönnunarMars. Með auknu strými erlendra gesta á hátíðina, kaupenda og blaðamanna, fyrirlsara og annara, er mikilvægt að Hönnunarmiðstöðin, stjórn hennar og hönnuðir fái tækifæri á óformlegu og skemmtilegu spjalli undir lok hátíðarinnar. Þau tvö skipti sem hátíðin hefur verið haldin hefur verið brugðið á það ráð að bjóða í kvöldverð á laugardagskvöldi. Það er góð hefð sem má samt ekki staðna.

Framkvæmd og skipulag

Bæði árin hefur vel tekist til. Hispurslaust og frjálstlegt yfirbragð þessara kvölda hefur mælst vel fyrir og því óþarfi að breyta því.

Gestalisti

Starfsfólk Hönnunarmiðstöðvar, þmt. HönnunarMarsins, hönnuðir úr ýmsum áttum og hugsanlega stjórn Hönnunarmiðstöðvar (kannski ættu samt verkefnastjórar félaganna frekar heima þarna enda hefur stjórnin ekki beina sneringu við Marsinn eða dagskrána bent). Fulltrúar utanríkisþjónustunnar ættu að mæta.

Samstarfsaðili

Það væri gott ef þessa veislu væri hægt að kosta með utanaðkomandi fjármagni. Utanríkisþjónustan ætti að sjá hag sinn í því.



Markaðssetning og fjölmiðlaumfjöllun

Grafísk hönnun

Ráða þarf grafíska hönnuði til samstarfs fyrir 1. október. Hörður og Rán hjá Vinnustofu Atla Hilmarssonar sáu um að hanna kynningarefni HönnunarMars 2010. Ljósmyndir voru unnar eftir hugmynd Krads arkitekta, teknar af Veru Pálsdóttur í samvinnu við Lúðrasveit Reykjavíkur. Ákveðið var að vinna út frá útliti síðasta árs en þróa það áfram. Margt var gert á sama hátt og árið áður en bæklingurinn var stækkaður verulega og var mjög veglegur. Prentun var í samstarfi við Odda en bæklingurinn verður að vera klár amk 2 vikum fyrir hátíðina svo hægt sé að dreifa honum vel.

Item sem þarf að búa til og hvenær þau þurfa að vera tilbúin :

1. október	Save the date – rafrænt
1. desember	Preliminary program á ensku – rafrænt
1. febrúar	Flyer á ensku (ma. fyrir Stokkhólm) – prentaður
Mars 3 vikum fyrir	Boðskort
Mars 3 vikum fyrir	Merkisþjöld
Mars 3 vikum fyrir	Sýnileiki í miðborg – t.d. blöðrur límmiðar í glugga eða annað
Mars 3 vikum fyrir	Grafískt efni fyrir vefinn
Mars 3 vikum fyrir	Vefborðar
Mars 2 vikum fyrir	Bæklingur
Mars 2 vikum fyrir	Götugluggar
Mars 2 viku fyrir	Plaköt – prent
Mars 2 viku fyrir	Fánar – silkiprent
Mars 2 viku fyrir	Flyerar – prent
Mars 2 viku fyrir	Ljósastaurar
Mars 1 viku fyrir	Auglýsingar í dagblöð

Dreifing

Það þarf að undirbúa dreifingu bæklinga og annars efnis vel og gera ráðstafanir. Dreifa með blöðum er ákjósanlegt ef það er möguleiki. Annars þarf að semja við dreifningaraðila að sjá um það verkefni.

Vefurinn

Gera þarf ráð fyrir 1 manneskju í 2 viku í smíði og uppsetningu dagskrár á vef.

Gera þarf ráð fyrir manneskju í fulla vinnu á meðan á hátíðinni stendur við gerð og útsendingu fréttabréfa og vinnslu myndefnis frá ljósmyndara samdægurs til kynningar.

Mars 3 vikum fyrir	Grafískt efni fyrir vefinn - kynningarefni HönnunarMars, merki, myndir o.fl.
Mars 4 vikum fyrir	Kynningartexti Hönnunarmiðstöðvar á íslensku og ensku
Mars 4 vikum fyrir	Merki og auglýsingar frá samstarfsaðilum
Mars 3 vikum fyrir	Dagskrá HönnunarMars birt á vef
Viku fyrir fundinn	Fréttatilkynning og presskit fyrir og eftir HönnunarMars á íslensku og ensku
Daglega	Fréttabréf á meðan á hátíðinni stendur
Daglega	Myndefni frá ljósmyndara á meðan á hátíðinni stendur



Textavinna

Þátttakendur skila texta á íslensku og ensku um viðburði sína sem textagerðarmaður fer yfir og lagar. Þeir textar eru jafnóðum settir inn á vefinn. Úr þeim eru unnir styttri textar sem fara í bæklinginn.

1. janúar Upplýsingar fyrir þátttakendur vegna dagskrár
10. febrúar deadline á texta á íslensku og ensku
vefslóð skal fylgja
senda á inn 2 myndir – skilyrði er að önnur myndin sé á formatinu 460 x 200 pixlar.
gott væri að fá boðskort sem myndefni ef það er fyrir hendi.

Fjölmiðlaumfjöllun

Í ár var farin sú leið að hefja útsendingar á fréttum og fréttatilkynningum um HönnunarMarsinn tveimur vikum fyrir hátíðina sjálfa. Áður en hátíðin hófst var því lekið út hver yrði heiðursgestur, frá hvaða blöðum og tímaritum erlent fjölmiðlafólk væri en fyrir utan það var viku- eða mánarlegum tímaritum gefið tækifæri til þess að fjalla um hátíðina áður en hún formlega hæfist. Hér að neðan fer tímaás umfjöllunar.

Fyrir HönnunarMars

Desember - janúar

- Gera samninga við eitthvert stóru blaðanna um auglýsingar og umfjöllun.
- Tryggja sérblað Hús og híbýla um HönnunarMars.

Febrúar

- Athuga með útgáfudaga tímarita sem eru ekki dagblöð á Íslandi.

Byrjun Mars

- Hafa samband við alla þáttastjórnendur, fréttastofur og menningar- og listtengda frétt- og blaðamenn á landinu. Hefja e-mail samskipti, stinga upp á viðfangsefnum.
- Starfslið Hönnunarmiðstöðvar setji niður hvaða þættir hátíðarinnar passi inn í hvers konar umfjöllun og hvernig þætti eins og gert var. Það gafst vel.

Tveim vikum fyrir HönnunarMars

- Fréttatilkynning og presskit fyrir HönnunarMars á íslensku og ensku
- Fréttatilkynningum lekið út. Gæta þess þó að hafa þær í hófi (2-3 áður en hátíðin hefst fyrir alvöru).

Viku fyrir HönnunarMars

- Senda íslensku fjölmiðlafólki dagskrá hátíðarinnar.
- Hús og híbýli gerði sérblað um HönnunarMarsinn og íslenska hönnun sem kom út á fullkomnum tíma, einni viku fyrir hátíðina. Það tímarit var uppfyllt af íslenskri hönnun og hönnuðum og forsíðan var lagð undir hátíðina.
- Grapevine kom út tæpri viku fyrir hátíðina og blaðið var hlaðið umfjöllun og auglýsingum um hátíðina. Mjög sterkur leikur þar sem erlendir gestir og íbúar landsins fylgjast vel með því blaði.
- Innlit/Útlit á Skjáeinum kynnti hátíðina rúmlega viku áður en hún hófst.
- Morgunblaðið var aftur einn aðalsamstarfsaðili hátíðarinnar og gerði hátíðinni vel skil vel áður en hún hófst. Umfjöllun í Morgunblaðinu jókst jafnt og þétt þegar líða tók að hátíð.
- Pressan var dugleg að „tísa“ umfjöllun um HönnunarMars, taka snúning á sérvíðburðum og birta myndasýrpur.

Hátíðarvikan

Dagblöð: Fréttatilkynningar, umfjallanir um einstaka viðburði, viðtöl og myndir úr veislum á vegum Hönnunar-



Mars rötuðu inn í Morgunblaðið, Fréttablaðið og DV í talsvert miklu magni. Nauðsynlegt er að vera í góðum samskiptum við blaðamenn dagblaðanna og reyna eftir fremsta megni að eyrnamerkja einhvern aðila umfjöllun um hátíðina hverju sinni. Það tókst í langflestum tilfellum. (Sjá sérstakar úrklippur á geisladisk)

Netmiðlar: Pressan var mjög vel á tánum og skýrist það að hluta til vegna þess að fjölmiðlafulltrúi er einnig starfandi blaðamaður þar. Umfjöllun þar var með margs konar móti bæði fyrir hátíðina og meðan á henni stóð. Miðjan stóð sig einnig vel í umfjöllun, sendi ljósmyndara til þess að fylgjast með völdum viðburðum og tók einnig púlsinn á völdum atburðum. Aðstandendur gættu þess að fréttamiðlar settu fréttir úr dagblöðunum tengdum hátíðinni inn á netið.

Priðjudagur

Priðjudagurinn 16. mars. Morgunútlit Rásar 2 fjallaði um HM og beindi sérstaklega kastljósinu að stuldi á íslenski hönnun. Fékk til sín tvö hönnuði í settið. Þáttastjórnendur höfðu fengið beisikk upplýsingar um hátíðina og töluðu um hana.

Katrín Fjeldsted, þáttastjórnandi Innlit/Útlit fjallaði mjög mikið um hátíðina (í 2. sinn) í þættinum.

Blaðamannafundur var haldinn þriðjudaginn 16. mars 2010, tveimur dögum eftir að hátíðin hófst. Mæting á hann var dræm þó nauðsynlegt sé að halda slíkan fund. Bæði vegna þess að á fundinum var ekkert nýtt að koma fram (fréttastofur sögðu það persónulega við mig sem og að þær skorti tíma sem og að þarna væri ekkert fyrir myndavélina), viðburðurinn er þekktur í íslensku samfélagi síðan í fyrra og umfjöllun fyrir fundinn hafði verið talsverð. Á næsta ári mætti kanna þann möguleika að halda blaðamannafund/launch-hátíð með öðrum hætti. Til dæmis að viðburðurinn verði ekki eingöngu fyrir blaðamenn heldur alla sem tengjast hátíðinni, í formi partís eða einhvern stemningar! Algjör sprenging varð í umfjöllun um hátíðina 18. mars, daginn sem hún hófst.

Miðvikudagur

Miðvikudagurinn 17. mars. Halla Helgadóttir frk.stjóri Hönnunarmiðstöðvar Í bitinu á Bylgjunni. Prime-time að peppa upp stemninguna. Þarna var nauðsynlegt að það væri manneskja í settinu sem talaði um hátíðina almennt.

Þórunn Högnadóttir, þáttastjórnandi Heim og saman á INN fjallaði um HönnunarMars í þættinum hjá sér.

Fimmtudagur

Fimmtudagurinn 18. mars. Greipur Gíslason verkefnisstj. HönnunarMars í H&M á Rás2. Þáttastjórnendur báðu sérstaklega um einhvern ungan og hressan sem vissi allt um hátíðina.

Innslag í kvöldfréttum RÚV á fyrsta degi hátíðar, 18. mars. Bæði viðtal við Höllu Helgadóttur og umfjöllun um sýninguna Metamorphosis.

Föstudagur

Vikan kom út föstudaginn 19. mars með opnu-umfjöllun um hátíðina þar sem valdir voru 10 hönnuðir og vörur þeirra, þeim gerð skil sem og HönnunarMarsi almennt.

Leiðari Páls Baldvins í Fréttablaðinu Gera það gott í góulok. Fallega og fagmannlega fjallað um HönnunarMarsinn. PBB var tengiliður hátíðarinnar inn á Fréttablaðið.

Reykjavík Rewind og roskin íslensk húsgagnahönnun í Víðsjá föstudaginn 19. mars. Búið var að senda þættinum nokkrar tillögur og stjórnendum leist best á RR.

Þáttastjórnandi tók upp live frá Höfðatorgi, valsaði um sýningarsalina með Gunnari Magnússyni, húsgagnahönnuði og Almari Alfreðssyni, nemanda í LHÍ.



Tvær fréttir í kvöldfréttum RÚV, 19. mars. Bæði frá FÍLa, landslagsarkitektum og setningu þeirra í miðborginni sem og innslag um minjagripasamkeppnina.

Ísland í dag á Stöð 2 lagt undir HönnunarMars. Innslag frá landslagsarkitektum og miðborg í blóma.

Laugardagur

Laugardagurinn 20. mars. Halla Helgadóttir, frk.stjóri Hönnunarmiðstöðvar í Vikulokunum á Rás1. Gott plögg, gat sagt frá hátíðinni í þætti sem mikið er hlustað á.

Laugardagurinn 20. mars. Lostafulli listræninginn. Haft var tímanlega samband við þáttastjórnanda og honum gefnar tillögur að listræningnum. Tekinn var góður snúningur á viðburðum á HönnunarMarsi.

Eftir HönnunarMars

Mánudagur

Myndafrétt (Flugan) í Morgunblaðinu um hátíðina sem og innslag í Kastljósið um HönnunarMarsinn.

Fimmtudagur

Goddur með flotta heilsíðugrein um HönnunarMarsinn, undir samnefndri fyrirsögn í Viðskiptablaðinu.

Á heildina litið var umfjöllun með mesta og besta móti. Það sem vantaði voru 2-3 innslög í Kastljósið en það voru mikil vonbrigði að þátturinn hafi dregið sig út þrátt fyrir gefin loforð, vegna manneklu og veikinda. Mögulega hefði mátt pitcha fleiri viðtölum í fjölmiðla, en Morgunblaðið tók þau flestöll. Oft er Fréttablaðið tregt til ef Morgunblaðið er einn af aðalstyrktaraðilum og öfugt. Dagskráin kom seint úr prentun sem varð til þess að fjölmiðlafólk fékk hana seint upp í hendurnar, á annars konar formi en pdf – hún hefði mátt koma viku fyrir hátíðina sjálfa. Þá hefði bæði starfslið Hönnunarmiðstöðvar og fjölmiðlafólk verið orðið dagskránni kunn fyrir. Hátíðinni voru gerð skil í langflestum prent- og netmiðlum landsins og netsíður voru duglegar við að fylgja henni eftir.

Fjölmiðlafulltrúi 2010, Björg Magnúsdóttir

Samstarfsaðilar í kynningu - skoða betur

Reykjavíkurborg og ferðamálayfirvöld

Vera inni í öllum dagskrám á vefjum og prentuðum

Dagblöð

Tímarit

Hús og híbýli

Grapevine

Icelandair

Morgunblað

Aðrir miðlar



Hönnunarmars DesignMarch 18.–21.03 2010



Erlendir gestir

Finna samstarfsaðila sem hjálpar okkur með þetta
Bjóða með betri fyrirvara
Dagskrá blaðamanna
Nýta hönnuði sem hosts

Skipulagning fyrir hátíðina

- Fyrir hefði átt að fylla öll blaðamannasætin og jafnvel hafa biðlista ef einhver dettur út.
- Þegar blaðamaður hefur staðfest komu sína og ákveðið flug er best að bóka flugið sem allra fyrst (ekki biða þangað til hægt er að skrá mörg sæti í einu).

Goody bags

- Skipuleggja gjafapakka lágmark tveimur vikum fyrir komu gesta og klára að pakka 2-3 dögum fyrir komu gesta ef eitthvað óvænt kemur upp á.
- Spyrja gesti fyrirfram um væntingar þeirra og hvort þeir hafi sérstakar óskir (þá sérstaklega um ferðir fyrir utan okkar skipulag t.d. Gullna hringinn eða Bláa lónið. Einnig hvort þeir þurfi einhverjar upplýsingar fyrirfram um hönnuði.

Skipulagning á hátíðinni

- Mikilvægt er að hafa símanúmer allra tilbúin við upphaf hátíðar, miklar líkur á að það þurfi að hringja eða senda sms í allfesta á einhverjum tímamarki. Sérstaklega ef upp kemur eldgos. Einnig þarf að brýna fyrir öllum gestunum að vera með símanúmer þess sem sér um útlendingana og verkefnastjórans ef eitthvað kemur upp á.
- Halda þarf partý strax í byrjun eftir opnun HönnunarMars í blaðamannamiðstöð þegar allflestir útlendingarnir eru komnir. Þá er meiri möguleiki að blaðamennirnir nýti sér blaðamannamiðstöðina.
- Gott væri að hafa lista yfir góða veitingastaði.
- Rútuferðin á föstudeginum var ekki spennandi og hún var löng. Blaðamennirnir höfðu engan áhuga á að fjalla um húsgagnaframléiðendur á Íslandi sem þeim fannst jafnframt ekki frumlegir. Epa ferðin hefði mátt vera klukkutíma, allir höfðu svo gaman af þeirri ferð. Einnig höfðu allir mjög gaman af Sruli og Studiobility.
- Ef fyrirlestrarnir verða haldnir aftur þá er mikilvægt að það sé inn í fastri dagskrá blaðamanna, því bæði verða fyrirlesararnir ánægðir og flestir blaðamennirnir hefðu viljað sjá alla fyrirlestrana. Einnig skilst mér að fyrirlestrarnir í ár hafi allir verið flottir, mjög áhugaverðir og eitthvað sem ekki hefði átt að missa af. Þeir sem skrifa um hátíðina almennt myndu því eflaust skrifa um hversu góða fyrirlesara og fyrirlestra Hönnunarmiðstöðin býður upp á, á HönnunarMars.
- “Walk down town with a guide” heppnaðist mjög vel en vegna löngu rútuferðarinnar voru margir mjög þreyttir og kusu að leggja sig eða taka sig til fyrir kvöldið í stað göngunnar. Til minnis þá var gangan aftur farin daginn eftir og Brian Fichtner hjá Coolhunting skrifaði um gönguna og hönnuðinn sem fór með þeim í gönguna.

Í heildina litið þá fékk ég einungis jákvæð viðbrögð frá erlendu gestunum og allir voru rosalega ánægðir, nema einhverjir hönnuðir sem fannst þeir ekki hafa fengið næga athygli. Nokkrar jákvæðar athugasemdir.



Blaðamenn

Marcus Fairs	blaðamaður	Dezeen.com
Walter Bettens	blaðamaður	Dammagazine.net
Daniel Golling	blaðamaður	Forum magazine
Hannah Booth	blaðamaður	Guardian
Sachiko Matsushita	blaðamaður	Freelance
N. Rain Noe	blaðamaður	Theme
Fumi Nagasaka	blaðamaður	Dazed and confused
Brian Fichtner	blaðamaður	Coolhunting
Andrew Patrick Childs	ljósmyndari	WGSN Tíska
Sonia Ferrer Alcantud	blaðamaður	WGSN Tíska
Mette Barfod	blaðamaður	Rum interior design
Terence Teh	blaðamaður	Dazed and confused

Áhersla

Arkitektúr, hönnun og innanhússhönnun

Arkitektúr

Hönnun, arkitektúr, nútíma list

Tíska

Vöruhönnun

Innanhússhönnun

Fyrirlesarar

David Gensler	Staf, Pilot, StW2d, Zoot
David Carson	
David Carlson	Designboost
Peer Eriksson	Designboost

Kaupendur að hönnun

Peter Husted	Normann-Copenhagen
Poul Madsen	Normann-Copenhagen
Morten Kaaber	Muuto

Auka gestir

Merilyn Keskula	project called O"O"
Thomas Pausz	sápulistamaður
Christian Scherfig	stjórnandi Dansk design center
Finn Petrén	stjórnandi EIDD design samtök





DesignMatch

Kaupstefna Hönnunarmiðstöðvar Íslands og Norræna Hússins sem hlaut nafnið DesignMatch átti frumraun sína á HönnunarMars 2010.

Skipulagning

Gott væri að hafa samband við fyrirtækin mun fyrr sé þess vænst að fleiri sækji DesignMatch að ári. Fulltrúar tveggja fyrirtækja, beggja danskra komu, CEO (og stofnandi) og sölustjóri frá Normann Copenhagen og PR og markaðsfulltrúi frá Muuto.

Hönnuðum var á vefsíðu Hönnunarmiðstöðvar og með tölvupóstum boðið að senda inn efni skv. einföldu formi og senda rafrænt til Hönnunarmiðstöðvarinnar. Hugmyndir bárust frá 47 hönnuðum, jafnt nýgræðingum sem reyndari hönnuðum, alls á áttunda tug verkefna voru kynnt af þeim. Innsend gögn voru send þeim fyrirtækjum sem hugðust sækja HönnunarMars heim í einu stóru .pdf skjali og reyndist það auðveld og ágætis lausn. Annar kaupandi benti þó á að hentugra væri fyrir þá að fá framlag frá hverjum hönnuði fyrir sig, það auðveldaði þeirra skipulagningu. Hugmynd kom frá öðrum kaupandanum að gott væri að hafa nákvæmari óskir um hvaða efni eigi að senda inn svo auðveldara sé fyrir kaupendur að gera sér grein fyrir hvað um ræðir.

Framkvæmd

Hinir eiginlegu fundir áttu sér stað í Norræna Húsinu 20. mars 2010. Hugmyndin var að útbúa einfalda diy stemningu í takt við hugmyndina um skapandi stefnumót og kaupstefnu í mótun, og kom það einkar vel út. Spjallstemning frekar en yfirheyrslustemingn skapaðist að sögn hönnuða og kaupenda. Reiknaðar voru 20 - 25 mínútur fyrir hvern hönnuð. Nokkuð ströng tímavarsla reyndist nauðsynleg en fundartími var að mati kaupenda mátulegur. Móttaka að loknum fundum gaf færi á áframhaldandi óformlegum umræðum sem hönnuðir og kaupendur lýstu ánægju með.

Kaupendur beggja fyrirtækja reyndust vera góðir vinir og fundahald tveggja í sama rými kom ljómandi vel út en rædd voru vandkvæði þau sem tengjast viðkvæmni þess að hitta hönnuði, vera fyrst til að hitta hönnuð og eiga kost á að taka hönnun upp á sína arma. Þetta samband væri einkar viðkvæmt og hefði í þessu tilfelli gengið upp í sama rými þar sem þeir þekkjast og semur vel, en þeir voru sammála um að annað fyrirkomulag gæti hentað betur, sérstaklega ef fyrirtækin væru með ólík gildi. Beinast liggur við að hvert fyrirtæki hafi aðsetur í sér herbergi, en gjarnan í sama húsi - Norræna húsið hentaði afar vel til þessara funda og nota mætti fleiri rými sem þar er að finna. Slíkt myndi skapa jákvæða spennu, og hæfilegri leynd jafnframt vera haldið. Kaupendur voru sammála um, að það að fleiri en einn kaupandi óskaði eftir fundi með sama hönnuði, skapaði spennu - og nýja og óþekkt áskorun fyrir þá, þar sem keppni um framleiðslu geti komið upp (og kom upp að þessu sinni). Ég tel það styrk að halda þeirri spennu, nauðsynlegt sé þó að virða viðskiptalegu viðkvæmnina.

-Mikilvægt er að skilgreina hlutverk DesignMatch nánar, sérstaklega með tilliti til eftirfylgni, svo hægt verði að meta arðbæri kaupstefnunnar og þróun hennar og um leið mikilvægi og þátt Hönnunarmiðstöðvar í tengslamyndun íslenskra hönnuða við erlenda markaði.

Apríl 2010 / Edda Kristín Sigurjónsdóttir / edda@shakon.com



Lokaorð

HönnunarMars er stórt og viðamiklægt verkefni. Hiti og þungi dagskrárinnar sjálfrar hvílir á herðum mjög margra; félaganna, einstakra hönnuða, fyrirtækja hönnuða og annarra fyrirtækja. Umfangið er mjög mikið og gríðarlegt starf sem fer fram síðustu dagana fyrir HönnunarMarsinn. Nær allur tími starfsfólks Hönnunarmiðstöðvarinnar í febrúar og mars fer í HönnunarMars.

